
Endurbætur á Dyrhólavegi, Mýrdalshreppi Ákvörðun um matskyldu

1 INNGANGUR

Þann 13. apríl 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaðar endurbætur á Dyrhólavegi, Mýrdalshreppi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Mýrdalshrepps, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Dyrhólavegur (218-02) Mýrdalshreppi. Lagfæringar-Klæðning. Kynning framkvæmda, apríl 2021. Rannveig María Jóhannesdóttir. Vegagerðin.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Mýrdalshreppi dags. 15. apríl 2021.
- Minjastofnun Íslands dags. 6. maí 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 30. apríl 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 20. apríl 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í greinargerð kemur fram að Vegagerðin fyrirhugi að gera endurbætur á Dyrhólavegi (218-02) og liggur að einum af fjölsóttustu ferðamannastöðunum á Suðurlandi. Vegurinn er frekar mjór, svo erfitt er fyrir bíla að mætast á honum þegar umferð er mikil. Vegurinn er 1,4 km langur 6 m breiður tengivegur sem greinist frá Dyrhólavegi (218-01) vestast á Lágeynni og liggur upp Háeyju að Dyrhólaeyjarvita.

Fyrirhugað er að leggja klæðningu á veginn í því vegstæði sem hann er nú auk þess sem vegurinn verður hækkaður lítillega. Hönnunarhraði verður 30 km/klst. Nýtt svæði undir vegstæði verður um 0,71 ha og á eingöngu við um skeringar og vegfláa. Engin ræsi eru undir núverandi veg, en í brekkum þarf að gera vegrásir til að koma í veg fyrir uppsöfnun vatns og auðvelda rennsli frá vegi. Í samráði við Umhverfisstofnun verður farið í lagfæringar á bílaplani á Háey samfara lagfæringu á veginum.

Áætluð efnisþörf til veglagningarinnar er um 4.000 m³. Fyrirhugað að sækja um 2.500 m³ úr námu við Klifanda III E12 sem er setnáma. Um 1.500 m³ munu koma úr haugsettu efni í nágrenni framkvæmdasvæðis. Óunnið styrktarlagsefni (S) verður fengið úr opinni námu.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist sumarið 2021. Vegurinn er þröngur og er því mögulegt að loka þurfi veginum tímabundið á meðan framkvæmdir standa yfir.



Mynd 1. Yfirlitsmynd: Dyrhólavegur að vita. Nýtt vegsvæði er afmarkað með bláum brotalínunum og núverandi vegsvæði er afmarkað með grænum brotalínunum (úr greinargerð framkvæmdaraðila).

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Verndarsvæði

Fram kemur í greinargerð að fyrirhuguð framkvæmd er innan friðlýsts svæðis Dyrhólaeyjar. Fram kemur að friðlýsingin felist fyrst og fremst í fuglalífi svæðisins og áhersla lögð á verndun svæðisins á varptíma auk þess sem lögð er áhersla á verndun vistkerfa og landslags.

Fuglalíf

Svæðið er friðlýst m.a. vegna fuglalífs og hefur Umhverfisstofnun þurft að takmarka umferð um svæðið til að verndunar fuglalífs á varptíma. Helstu áhrif á fugla á framkvæmdatíma verður vegna skerðingar búsvæða og hávaða við efnisvinnslu og umferð vinnuvéla. Áhrif framkvæmdarinnar á fugla á svæðinu verða tímabundin og staðbundin vegna hávaða við vegagerð og efnisvinnslu og umferð vinnuvéla.

Mýrdalshreppur leggur áherslu á í umsögn sinni að þar sem fyrirhugað framkvæmdarsvæði er innan friðlands Dyrhólaeyjar skuli lögð rík áhersla á að öllu raski verði haldið í lágmarki og mikilvægi þess að framkvæmdir verði eftir að fuglavarpi líkur.

Ní telur að áhrif framkvæmdar verði lítil á vistgerðir og fugla enda verði framkvæmdir eftir að varptíma líkur. Hins vegar telji stofnunin umhugsunarvert hvað bætt aðgengi að Háeynni hafi í för með sér varðandi vaxandi fjölda ferðamanna. Yfir varptíma er fuglalíf Dyrhólaeyjar viðkvæmt fyrir hverskonar truflun og fjölgun ferðamanna eykur enn frekar á þá hættu. Þá þarf einnig að taka tillit til aukinnar slyshættu á svæðinu samfara fjölgun ferðamanna. Betri vegir og stærri bílastæði bæta aðgengi ferðamanna að friðlandinu Dyrhólaey. Náttúrufræðistofnun Íslands telur brýnt að þörmörk



svæðisins verði könnuð til að fá mat á það hvað friðlandið getur tekið á móti mörgum gestum án þess að gengið sé á náttúrufer og verndargildi svæðisins.

Gróður

Fram kemur í greinargerð að áhrif á gróður verði óveruleg þar sem að framkvæmdin verður á áður röskuðu svæði. Við frágang verða svæði sem raskast meðfram vegi ekki grædd upp, heldur formuð þannig að þau falli sem best að landslagi og náttúran sjálf látin sjá um uppgræðsluna. Frágangi á röskuðum svæðum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þau verða sléttuð í samræmi við landslag og halla umhverfis. Brúnir vegskeringa verða aðlagaðar að landi í samráði við Umhverfisstofnun.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að um fremur litla framkvæmd sé að ræða á núverandi vegi en vegurinn var styrktur fyrir nokkrum árum með sama verklagi og nú á að viðhafa og tókst sú aðgerð vel. Fram kemur að frágangur verði í samráði við Umhverfisstofnun sem einnig veitir leyfi til framkvæmda innan friðlandsins. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Menningarminjar

Í greinargerð kemur fram að Dyrhólaey er sögulega og menningarlega tengd byggðinni í Dyrhólavhverfi. Mikill fjöldi örnefna, rústir, réttir, garðar og aðrar minjar er að finna sem bera merki fyrri og síðari tíma. Samkvæmt skrá um friðlýstar fornleifar er engar slíkar innan friðlandsins.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að aðstæður á svæðinu hafi verið kannaðar með tilliti til fornleifa. Minjavörður gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina en minnir á mikilvægi þess að hafa Minjastofnun Íslands með í ráðum við hverskonar veglagningu og stígagerð á Dyrhólaey.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Mýrdalshrepps skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Umhverfisstofnunar skv. náttúruverndarlögum.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða endurbætur á Dyrhólavegi sem felast í því að lögð verður klæðning á veginn í núverandi vegstæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli, staðsetning og eiginleikar áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlenda dýra. Þá þarf að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Fyrirhuguð framkvæmd er innan friðlýsts svæðis Dyrhólaeyjar sem meðal annars nýtur verndar vegna fjölskrúðugs fuglalífs, náttúrufars og landslags. Framkvæmdin er lítil að umfangi og mun hafa í för með sér um 0,71 ha skerðingu vegna skeringa og fláa meðfram núverandi vegstæði.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði á fugla vegna hávaða við vegagerð, efnisvinnslu og umferð vinnuvéla en áhrifin verði þó tímabundin og bundin við afmarkað svæði. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Mýrdalshrepps að fyllsta ástæða sé til að sína ýrtruðu gætni við allar framkvæmdir á þessu svæði og mikilvægt sé að öllu raski verði haldið í lágmarki. Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að brýna þurfi fyrir verktökum að framkvæmdir takmarkist við fyrirfram skilgreint framkvæmdasvæði og gæta þarf að því að raska hvergi landi utan við vegsvæði. Eðlilegt er í ljósi staðsetningar fyrirhugaðra framkvæmda að framkvæmdasvæði, þ.m.t. öryggissvæði, sé skilgreint eins þröngt og kostur er. Þá er mikilvægt að framkvæmdir verði utan varptíma eins og framkvæmdaraðili hefur boðað og leitast verði við að halda ónæði á fugla í algjöru lágmarki.

Skipulagsstofnun tekur undir með sjónarmiðum Náttúrufræðistofnunar Íslands að bætt aðgengi að Háeynni kunni að auka aðsókn ferðamanna enn frekar að Háeynni og með því haft neikvæð áhrif á fuglalíf á eyjunni. Því kunni að vera tilefni til að stýra aðgengi ferðamanna að svæðinu með tilliti til framangreinds. Skipulagsstofnun telur þó fyrirhugaðar vegbætur ekki líklegar til að til leiða til umtalsverðra umhverfisáhrifa hvað áhrif á fuglalíf varðar.

Skipulagsstofnun telur ekki að framkvæmdin komi til með að hafa í för með sér breytingar á ásýnd svæðisins nema að takmörkuðu leyti. Áhrif á ásýnd verða staðbundin og ætti að vera hægt að draga úr neikvæðum áhrifum með vönduðum frágangi. Skipulagsstofnun telur því að framkvæmdin muni hafa óverulega neikvæð áhrif á ásýnd og landslag.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. júlí 2021.

Reykjavík, 7. júní 2021

Egill Þórarinnsson

Tinna Jónsdóttir